

**Sp.**

**106. Tillaga til þingsályktunar**

**[95. mál]**

um flugbraut í Vestmannaeyjum.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram fullnaðarathugun á skilyrðum til byggingar nýrrar flugbrautar í Vestmannaeyjum og að stuðla að aukinni fjárveitingu og öflun lánsfjár til að hefja framkvæmdir verksins.

**Greinargerð.**

Vestmannaeyjakaupstaður hefur algera sérstöðu meðal byggðarlaga landsins að því er varðar samgöngur. En atvinnuhættir eru þar slíkir, að brýna nauðsyn ber til, að þær séu svo góðar sem frekast er kostur. Flugíð hefur markað tímamót á þessu sviði, og verður eigi annað séð en það verði enn um langa framtíð aðalleiðin til fólksflutninga til og frá eyjunum. Frá árinu 1946 hefur verið þar ein flugbraut í stefnu frá austri til vesturs, og mun hafa verið unnt að fljúga þangað að meðaltali rúmlega annan hvern dag ársins. Hina dagana er flugvöllurinn lokaður sökum óheppilegrar vindáttar til mikils óhagræðis, sérstaklega í staðviðrum, þegar ekki verður flogið dögum saman eða jafnvel um langa hríð. Hefur það oft valdið verulegu tjóni í byrjun vetrarvertiðar, þegar þörf er á auknum mannafla til atvinnulífsins.

Lauslegar athuganir hafa farið fram á skilyrðum til að leggja aðra flugbraut í stefnu frá norðri til suðurs eða þvert á núverandi braut, og er talið líklegt, að með tilkomu slíkrar brautar verði unnt að fljúga þangað að jafnaði helming þeirra daga, sem völlurinn er lokaður nú, auk mikils öryggis, sem hún mundi veita. Staðhættir benda til þess, að þrjú brautarstæði komi til greina. Aðflugstilraunir, sem gerðar hafa verið á vegum Flugfélags Íslands, hníga að því, að ein þessara hugsanlegu brauta væri betri en hinar að því er varðar landingarskilyrði, en einmitt sú lega væntanlegar brautar mundi verða kostnaðarmest í gerð. Veltur því á miklu, að mjög ýtarlegar rannsóknir fari fram á öllum skilyrðum til byggingar slíkrar brautar, og væri æskilegt, að þeim athugunum verði lokið hið allra fyrsta. Að þeirri athugun lokinni væri þá unnt að hefjast handa um framkvæmd verksins með þeim verkfærum, sem fyrir hendi eru á staðnum, unz tiltækileg verða þau stórvirku áhöld, sem nú eru bundin við flugvallargerð annars staðar. Þá er einnig nauðsynlegt að sjá fyrir fjármagni til undirbúningsvinnu og verksins í heild, og er því jafnframt lagt til, í tillögu þessari, að ríkisstjórnin stuðli að aukinni fjárveitingu þegar á fjárlögum næsta árs og athugi síðan möguleika á útvegum fjár að láni eða með öðrum hætti, svo að verkið strandi eigi á fjárskorti, en geti orðið unnið í einum áfanga, svo sem hagkvæmast væri.